

## BYGGINGASVIÐ



### ÞJÓNUSTA VERKÍS

Byggingasvið veitir húsbýggjendum, húseigendum og framkvæmdaaðilum með alla tæknilega ráðgjöf sem lýtur að mannvirkjagerð, allt frá undirbúningi til fullkláraðs verks. Einnig sérhæfum við okkur í þjónustu vegna viðhalds og reksturs mannvirkja, orkusparnaðar og vistvænnar hönnunar. Við höfum langa reynslu og mikla sérþekkingu sem nýtist vel fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði, íþróttamannvirki, skólabyggingar, heilbrigðisstofnanir og aðrar opinberar byggingar.

Sviðinu er skipt í fimm deildir, hver með sitt megin fagsvið:

#### ► Verkefnastjórnun

Við einbeitum okkur að stjórnun mjög fjölbreyttra verkefna á mismunandi sviðum atvinnulífsins. Við höfum mikla reynslu í að stýra þarfagreiningu og áætlanagerð, s.s. kostnaðar- og verkáætlunum, hönnun, innkaupaferli, eftirlitsverkefnum, fjárfestingarverkefnum auk ýmis konar verkefnaþróun.

#### ► Burðarvirki

Verkís hefur hannað burðarvirkin í mörgum af stærstu og þekktustu mannvirkjum Íslands. Hér sameinum við áratuga reynslu og nýjungar á sviði burðarvirkja. Með nýtingu nýjustu forrita og aðferða í burðarþolshönnun höfum við markað okkur sess í allra fremstu röð á þessu sviði.

#### ► Rafkerfi

Verkís hefur á að skipa sérfræðingum á sviði raflagnahönnunar, greiningu rafkerfa, öryggistæknilegrar hönnunar og hönnunar öryggiskerfa fyrir allar gerðir bygginga. Verkís býður víðtæka ráðgjöf á þessu sviði sem tryggir að hægt sé að öll þjónusta sé fánleg á einum stað.

#### ► Sérkerfi

Verkís er með öfluga sérfræðinga í brunahönnun sem og hönnun á lýsingu, hljóðvist og hússtjórnarkerfum. Verkís hefur tekið þátt í flestum stærstu verkefnum síðustu ára og í forystu á viðkomandi sérfræðisviðum allt frá frumáætlunum til ráðgjafar á byggingarstað.

#### ► Lagnir og loftræsing

Verkís hefur víðtæka reynslu og sérfræðipækkingu í hönnun lagna- og loftræsikerfa, allt frá litlum og einföldum byggingum og upp í stórar og flóknar byggingar sem búnar eru sérhæfðum lagnakerfum.

**Sviðsstjóri Byggingasviðs er Flosi Sigurðsson.**

### ÁRATUGA REYNSLA

Verkís rekur uppruna sinn aftur til ársins 1932 þegar fyrsti ráðgjafarverkefningurinn hóf starfsemi á Íslandi. Áratuga reynsla og þekking skilar sér til viðskiptavina í traustri og faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum lausnum, en Verkís leggur metnað sinn í að leita bestu og hagstæðustu lausna fyrir viðskiptavinum sína.

### STARFSSVIÐ

- Alhliða verkfræðihönnun
- Undirbúningur verkefna
- Hagkvæmniathuganir
- Þarfagreiningar
- Verk- og kostnaðaráætlanir
- Útboðsgögn/Samningar
- Verkeftirlit
- Verkefnastjórnun
- Viðhald mannvirkja
- Rekstrarráðgjöf
- Hljóðvist
- Brunahönnun
- Lýsingarhönnun
- Hönnun fjarskiptakerfa
- Hönnun rafkerfa
- Öryggiskerfi
- Verkefnaþróun
- Verkefna- og kostnaðargát
- Burðarvirkjahönnun
- Hönnun lagna- og loftræsikerfa
- Hönnun kælikerfa
- Hönnun vatnsúðakerfa
- Kaup á sérhæfðum búnaði
- Vistvæn hönnun
- Ráðgjöf um orkusparnað

